

Nd.

447. Frumvarp

til laga um vitagjald.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvél, og tekur höfn á Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, þannig að hálf smálest, eða þar yfir, telst sem heil, en minna broti sé slept. Herskip eru undanþegin gjaldi þessu.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land. Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga, eða haldið er út til fiskjar hér við land og aldrei fara utan á veiðitímanum, greiða vitagjaldið einu sinni á ári, þó aldrei minna en 4 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans þar sem skipið er skrásett.

Ráðherra Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annarra ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hér við land.

2. gr.

Vitagjaldið rennur í landssjóð. Lögreglustjóri eða sá maður, sem hefir á hendi afgreiðslu útlendra skipa á staðnum (hrepptjóri eða umboðsmaður sýslumanns), skal innheimta gjaldið. Þegar vitagjald af útlendum fiskiskipum er innheimt af umboðsmanni lögreglustjóra á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, ber innheimtumanni 20% af gjaldinu.

Sömu innheimtulaun hafa þeir lögreglustjórar, sem nú eru í embættum, meðan þeir hafa innheimtuna á hendi.

Skyldur er skipstjóri að sýna lögreglustjóra eða umboðsmanni hans dagbók skipsins.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 10—200 kr. sektum til lands-sjóðs, að svo miklu leyti sem atferli hans á ekki að sæta þyngri hegningu.

Með mál út af brotum gegn þeim skal fara sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Hér með eru úr gildi numin lög 16. nóvbr. 1907, um vitagjald af skipum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.